

Nd.

664. Frumvarp til laga

[247. mál]

um Fjárfestingarfélag Íslands h.f.

Flm.: Eyjólfur Konr. Jónsson, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Heimilt er að stofna hlutafélag, sem heitir Fjárfestingarfélag Íslands h.f. Hlutverk félagsins skal vera að efla íslenzkan atvinnurekstur og örva til þátttöku í honum með því að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum og veita þeim fjárhagslega fyrirgreiðslu og beita sér fyrir nýjungum í atvinnumálum. Í samræmi við þennan tilgang skal félaginu heimilt, meðal annars:

1. Að vera frumkvöðull að stofnun, endurskipulagningu og sameiningu atvinnufyrirtækja.
2. Að kaupa, eiga og selja hlutabréf í atvinnufyrirtækjum og skuldabréf þeirra.
3. Að greiða fyrir útgáfu hlutabréfa og skuldabréfa atvinnufyrirtækja með beinni og óbeinni þátttöku í útboðum og annarri dreifingu á þeim.
4. Að útvega, veita og ábyrgjast lán til atvinnufyrirtækja, sem félagið tekur þátt í eða beitir sér fyrir.
5. Að taka þátt í rannsóknum á atvinnunýjungum og tilraunum með þær og hafa milligöngu um öflun og sölu á réttindum til hagnýtingar þeirra.
6. Að annast tæknilega og viðskiptalega ráðgjafarþjónustu við stofnun og rekstur atvinnufyrirtækja.

2. gr.

Heimili félagsins og varnarþing skal vera í Reykjavík.

3. gr.

Forgöngu um stofnun félagsins hafa Verzlunarráð Íslands og Félag íslenzkra iðnrekenda og þeir aðilar, sem samtök þessi kveðja til.

4. gr.

Hlutafé félagsins skal eigi vera minna en 80 milljónir króna.

Bankastofnunum og opinberum sjóðum í landinu skal heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, án tillits til gagnstæðra ákvæða laga um þessar stofnanir. Skal stofnunum þessum jafnframt heimilt að vera fullgildir stofnendur að félaginu.

5. gr.

Á stofnfundi félagsins skal setja því samþykktir, og skulu þar sett nánari ákvæði um félagið og starfsemi þess. Samþykktir félagsins skulu háðar samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

6. gr.

Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skal njóta sömu sérréttinda og Landsbanka Íslands eru veitt í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 11 29. marz 1961.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Að undanfögnu hefur stjórn Verzlunarráðs Íslands og Félags ísl. iðnrekenda haft til athugunar að beita sér fyrir stofnun öflugs fjárfestingarfélags, og miðar frumvarp það, sem hér er flutt, að því að heimila þessum samtökum að hafa forgöngu um stofnun slíks félags með tilteknum skilyrðum. Er það álit málsaðila, að félag sem þetta gæti mjög örvað atvinnurekstur, stuðlað að bættum rekstri fyrirtækja, beitt sér fyrir nýjungum í atvinnumálum og unnið að sameiningu og endurskipulagningu fyrirtækja, þar sem það hentar.

Félög áþekk þessu eru rekin í flestum nágrannalöndunum og eru þar talin gegna hinu mikilvægasta hlutverki. Er ráðgert að hafa hér hliðsjón af þeirri reynslu, sem þar hefur fengizt í þessu efni. M. a. ferðaðist Þorvarður Alfonsson, framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda, um Norðurlöndin í nóvembermánuði s. l. til að kynna sér slíka starfrækslu þar.

Um 1. gr.

Grein þessi fjallar um tilgang félagsins og almennar starfsheimildir. Er þar ekki um tæmandi talningu að ræða, enda æskilegt, að félagið starfi á sem breiðustum grundvelli.

Um 2. og 3. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Félagið verði því einungis stofnað, að unnt reynist að safna þegar í upphafi 80 milljón króna hlutafjárloforðum. Er gert ráð fyrir, að þessa fjár megi afla frá einkabönkum, einkaaðilum og með hlutafjárframlagi frá Framkvæmdasjóði eða Seðlabankanum. Enn fremur væri hugsanlegt minni háttar hlutafjárframlag frá Alþjóðalánastofnuninni í Washington, sem fremur kæmi þó til greina, eftir að félagið hefur tekið til starfa.

Samkv. 2. málsg. verður bankastofnunum og opinberum sjóðum heimilt að kaupa og eiga hlutabréf í félaginu, enda má telja það undirstöðuatrði í starfsemi félagsins, að þátttaka fáist af hálfu þessara aðila. Tekur ákvæði þetta til hvers kyns opinberra sjóða.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að samþykktir félagsins fari eftir almennum lögum um hlutafélög, að öðru leyti en því, sem í lögum þessum segir, en eðlilegt er talið vegna réttinda þeirra, sem félaginu er ætlað að njóta, að samþykktirnar séu háðar samþykki ráðherra þess, er fari með bankamál.

Um 6. gr.

Í ákvæði þessu felst, að Fjárfestingarfélag Íslands h.f. skuli njóta sömu réttinda að því er varðar skattfrelsi og allir bankarnir njóta.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.